

## Menntamálaráðuneytið

---

### Minnisblað

Viðtakandi: **Ráðuneytisstjóri**  
Sendandi: **Jón Vilberg Guðjónsson**  
Dagsetning: **8. maí 2005**  
Málsnúmer: **MMR05030094**  
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Lífeyrisréttindi starfsmanna RÚV skv. 5.-6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpi til laga um RÚV sf.

### Tilfni umfjöllunar

Á fundum fulltrúa menntamálaráðuneytisins með menntamálanefnd Alþingis við umfjöllun um frumvarp menntamálaráðherra til laga um ríkisútvarpið sf. (mál 643 á 131. löggjafarþingi) hefur komið fram að talsmenn stéttarféлага starfsmanna ríkisútvarpsins hafi lýst áhyggjum sínum við nefndina af því að 5.-6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpinu feli í sér skerðingu á áunnum lífeyrisréttindum sem sé utan þeirra marka sem 72. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, setji fyrir því að unnt sé að skerða eignarréttindi manna án þess að sérstakar bætur komi fyrir.

### Athugasemdir stéttarféлага

Í umsögn Bandalags háskólamanna til menntamálanefndar, dags. 28. apríl sl., eru gerðar athugasemdir við afdrif lífeyrisréttinda sjóðfélaga í svonefndri B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, einkum að því er varðar rétt til viðmiðunar við laun eftirmanna og ávinnslu skv. svonefndri 10 ára reglu og áframhaldandi ávinnslu í samræmi við þau laun sem greidd verði á hverjum tíma í framtíðinni hjá "ríkisfyrirtækinu RÚV sf." [sic]. Í umsögninni kemur fram að BHM geri ráð fyrir að þetta stafi af mistökum við samningu frumvarpsins, enda hafi frumvarpið ekki verið kynnt sem skerðing á lífeyrisréttindum starfsmanna RÚV. Til þess er vísað að sambærileg takmörkun og fram komi í niðurlagi 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða hafi ekki verið gerð á öðrum ríkisstofnunum sem hafi verið lagðar niður, að undanskildri Póst- og símamálastofnun. Við formbreytingu allra annarra ríkisstofnana hafi lagafrumvörp verið án þeirrar takmörkunar sem lögð sé til í frumvarpi um RÚV sf., sem BHM segir vera sértæka lausn á almennu en sértæku álitamáli er varði rétt til lífeyris samhliða töku launa í nýju starfi hjá fyrirtæki á almennum markaði. BHM bendir á að fram hafi komið að orðalag 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpinu hafi verið tekið upp orðrétt úr lögum um hlutafélagavæðingu Póst- og símamálastofnunar, nr. 103/1996. Þau lög hafi verið samin og sett áður en Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hafi verið skipt upp í A- og B-deildir og því við allt aðrar aðstæður þar sem óhægt hafi verið um vik að tryggja áframhaldandi lífeyrisrétt starfsmanna þar. BHM gerir í umsögn sinni kröfu um að ákvæðum frumvarpsins, sem girði fyrir áframhaldandi ávinnslu lífeyrisréttinda sjóðfélaga í B-deild LSR sem starfa hjá RÚV verði breytt í samráði við stéttarfélag starfsmanna

o.fl. til að tryggð verði að engin réttindi glatist. Þá bendir BHM á að sú skerðing sem felist í hinu tilvitnaða ákvæði sé í ósamræmi við ummæli í athugasemdum við ákvæði II til bráðabirgða að tilgangur þess sé að "réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði við formbreytinguna tryggð með eðlilegum hætti, kveðið á um [...] lífeyrisréttindi. Hefur það verið haft að leiðarljósi að ekki verði hallað á réttindi starfsmanna stofnunarinnar við breytingu á rekstrarformi hennar."

Samkvæmt upplýsingum frá nefndarmönnum í menntamálanefnd Alþingis mun lögmaður BSRB hafa komið á fund nefndarinnar og varað við áðurnefndum 5.-6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpinu í ljósi margra dóma sem hafi fallið varðandi skerðingu á réttindum ríkisstarfsmanna við niðurlagningu starfa en ríkið hafi tapað öllum málunum.

### **Dómafordæmi um skerðingu lífeyrisréttinda**

Ekki er kunnugt um til hvaða dóma lögmaður BSRB vísar en í dómi hæstaréttar í málinu Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga g. Bergljótu Líndal, mál nr. 101/2002, reyndi á eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar varðandi lífeyrisréttindi. Í dóminum var talið að ætla yrði löggjafanum nokkurt svigrúm til að breyta reglum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga í tímans rás. Talið var að sjóðfélagi þyrfti að þola almennar breytingar sem gerðar hefðu verið á þeim lögum sem um sjóðinn giltu. Að því virtu var talið að skerðing lífeyrisréttinda BL sem gerð hafði verið með lögum nr. 2/1997 hefði verið innan þeirra marka sem 72. gr. stjórnarskrárinnar setti því að unnt væri að skerða eignarréttindi manna án þess að sérstakar bætur kæmu fyrir. Lífeyrissjóðurinn var sýknaður af kröfum BL.

### **Athugasemdir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins**

Í umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til menntamálaráðherra í tilefni af frumvarpi til laga um RÚV sf., dags. 15. apríl sl., er fjallað um aðild núverandi starfsmanna RÚV að B-deild lífeyrissjóðsins. Þar segir að ef frumvarpið verði að lögum virðist sem réttur starfsmanna RÚV, sem nú greiði til B-deildar Lífeyrissjóðsins verði með sama hætti og þegar ríkið leggur niður störf eða stofnanir, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997. Það sem greini á milli sé að starfsmenn geti ekki tekið lífeyri úr B-deild Lífeyrissjóðsins samhliða starfi hjá RÚV sf.

### **Ályktun**

Miðað við þá breytingartillögu sem felst í núverandi drögum að nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar er lagt til að taka lífeyris úr B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins geti farið fram samhliða starfi hjá RÚV sf. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi aðild þeirra starfsmanna RÚV sem þiggja starf hjá RÚV sf. að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, kjósi þeir það. Ekkert í frumvarpinu sviptir hins vegar þá sömu starfsmenn þeim lífeyrisréttindum sem þeir hafa þegar áunnið sér í B-deild lífeyrissjóðsins fram að niðurlagningu RÚV. Um möguleika starfsmanna um áframhaldandi aðild að B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins segir svo í 2. mgr. 30. gr. laganna:

"Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum

og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr."

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur á grundvelli þessa lagaákvæðis sett reglur um áframhaldandi aðild að B-deild lífeyrissjóðsins, dags. 18. desember 2002. Samkvæmt reglunum getur sjóðfélagi, í kjölfar niðurlagningar á stöðu, sótt um áframhaldandi aðild að B-deild til stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Fallist stjórnin á umsóknina ber sjóðfélagi sjálfum að greiða lífeyrisframlag sem nemur 10% af þeim dagvinnulaunum sem hann hafði í hinni niðurlögðu stöðu. Frá þeim tíma taka iðgjaldagreiðslur breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Af þessu er ljóst að aðild að B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er ekki ósamrýmanlega starfi hjá hinum nýja félagi, RÚV sf., en réttindaöflun í B-deild lífeyrissjóðsins á starfstímanum hjá RÚV sf. verður hins vegar ekki í samræmi við laun starfsmanns hjá því félagi. Þessu til viðbótar ber viðkomandi starfsmanni jafnframt að greiða í lífeyrissjóð af launum sínum hjá RÚV sf. í samræmi við lög og gildandi kjarasamninga.

### **Niðurstaða**

Samkvæmt framansögðu fella 5.-6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpi til laga um RÚV sf. ekki niður nein stjórnarskrárvarin lífeyrisréttindi starfsmanna RÚV. Þvert á móti halda sjóðfélaga þeim réttindum sem þeir hafa þegar aflað sér í B-deild lífeyrissjóðsins og miðað við tillögu að nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar munu þeir eiga þess kost að njóta lífeyrisgreiðslna skv. því samhliða starfi hjá RÚV sf. Vilji menntamálanefnd fullvissa sig um að framangreindur skilningur sé réttur, á nefndin þess kost að kalla á sinn fund fulltrúa frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til að skýra framangreindar reglur um áframhaldandi aðild að B-deild lífeyrissjóðsins.

Það er að sjálfsögðu í valdi Alþingis að ákveða hvort 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpinu verður breytt á þann veg að áframhaldandi ávinnsla lífeyrisréttinda núverandi sjóðfélaga í B-deild lífeyrissjóðsins fari fram í A-deild eða B-deild eftir að þeir hefja störf hjá RÚV sf. Hins vegar þykir rétt að benda á að í frumvarpi til laga um RÚV sf. er verið að fara sömu leið og áður hefur verið gert við niðurlagningu ríkisstofnana, þ.e. að starfsmönnum hefur ekki verið veittur kostur á áfram ávinnslu réttinda í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hjá nýju félagi. Ef menntamálanefnd leggur það til að hér verði gerð breyting á, þarf að færa fyrir henni gild rök sem vega þyngra en jafnræðissjónarmið um sambærilega meðferð á starfsréttindum ríkisstarfsmanna vegna niðurlagningar á störfum.

**Reglur um áframhaldandi aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna  
ríkisins sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 eða Lífeyrissjóði  
hjúkrunarfræðinga sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1997 í kjölfar  
niðurlagningar á starfi**

1. gr.

*Umsókn og fylgigögn*

Umsókn um áframhaldandi aðild að B-deild LSR eða LH vegna niðurlagningar á starfi skal að jafnaði berast í beinu framhaldi af niðurlagningu á starfi, vera skrifleg og beint til stjórnar.

Með umsókn samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Staðfesting launagreiðanda á því að viðkomandi starf hafi verið lagt niður og frá hvaða tíma.
- Staðfesting á þeim launum sem síðast var greitt af til sjóðsins, þ.e. kjarasamningi, launaflokki og þrepi eða sambærilegri kjaraákvörðun. Ef greidd eru biðlaun þá þarf að liggja fyrir staðfesting á fjárhæð þeirra og hvenær þeim greiðslum lýkur.

2. gr.

*Tilkynning til aðila og val um greiðslu iðgjalda til B-deilda LSR, A-deilda LSR eða LH*

Aðila skal tilkynnt skriflega um lyktir umsóknar sinnar og sé ekki orðið við umsókn skulu í tilkynningu koma fram ástæður synjunar. Í tilkynningu þar sem umsókn hefur verið tekin til greina skal sérstök athygli vakin á ábyrgð sjóðfélaga á fullum iðgjaldaskilum og tiltekinn sá gjaldstofn sem iðgjöld reiknast út frá, sbr. nánar 4. gr.. Jafnframt skal í tilkynningu vakin athygli á réttaráhrifum þess að iðgjöld falli niður sbr. 3. mgr. 6. gr. reglanna.

Sjóðfélagi, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að LSR eða LH vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, er heimilt að greiða iðgjald til A-deilda LSR, enda fellur þá niður réttur til að greiða iðgjald til B-deilda eða LH. Í tilkynningu til sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal jafnan vakin athygli á rétti viðkomandi til að greiða í A-deild óski hann þess.

3. gr.

*Iðgjaldaskil*

Sjóðfélagi, sem fengið hefur samþykki stjórnar fyrir áframhaldandi aðild að sjóðnum, ber sjálfur ábyrgð á fullum iðgjaldaskilum til sjóðsins.

## 4. gr.

*Gjaldstofn*

Gjaldstofn fyrir iðgjöld er 10% af dagvinnulaunum sem sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður eða eftir atvikum þegar biðlaunagreiðslum lýkur sbr. 1. mgr. 5. gr.. Frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997. Hagstofa Íslands reiknar vísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Jafnframt ber að greiða 10% iðgjald af orlofs- og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningi.

Þegar staða vaktavinnumanns er lögð niður skal reikna iðgjald af vaktálagi í hlutfalli við meðaltals réttindaávinning vegna vaktálags síðustu þriggja ára fyrir niðurlagningu starfs. Hafi sjóðfélaginn ekki stundað vaktavinnu í full þrjú ár fyrir niðurlagningu stöðu, skal reikna iðgjaldið út frá meðaltals réttindaávinningi þess tíma sem hann stundaði vaktavinnu á síðustu þremur árum. Iðgjaldagreiðslur vegna vaktálags skulu taka breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

## 5. gr.

*Upphafstími*

Aðild á grundvelli niðurlagningar á starfi tekur ekki gildi fyrr en launagreiðslum eða biðlaunagreiðslum fyrir hið niðurlagða starf lýkur eða þær hafa skerst. Ef sjóðfélagi fær greidd biðlaun sem nemur mismun á launum fyrir hið niðurlagða starf og launum fyrir hið nýja starf ber að miða upphafstíma aðildar á grundvelli niðurlagningar á starfi við þann tíma sem biðlaunagreiðslur hófust.

Sjóðfélagi ber ábyrgð á iðgjaldaskilum á þeim mismun sem myndast á iðgjöldum sem fyrri launagreiðandi greiðir af biðlaunum og þeim iðgjöldum sem greiða ber skv. 4. gr..

## 6. gr.

*Innheimta iðgjalda*

Eindagi iðgjalda er tveimur vikum eftir lok þess mánaðar sem greitt er fyrir. Ef launagreiðandi tekur að sér greiðslur fyrir starfsmann og laun eru greidd fyrirfram þá er eindagi iðgjalda 14 dögum eftir útborgun launa.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal sjóðurinn bera saman þau iðgjöld sem sjóðfélagi hefur greitt og iðgjöld með hækkun skv. 1. mgr. 4. gr. og innheimta eða endurgreiða þann mismun sem myndast hefur.

Ef sjóðfélagi sem fengið hefur samþykka aðild í kjölfar niðurlagningar á starfi lætur iðgjaldagreiðslur falla niður í þrjú mánuði eða lengur skal litið svo á að viðkomandi hafi fallið frá rétti sínum til áframhaldandi aðildar að sjóðnum. Aðili hefur þó jafnan rétt til að hefja aðild að nýju innan 12 mánaða frá því að iðgjöld féllu niður hefji hann iðgjaldaskil að nýju innan þess tíma. Þegar iðgjaldaskil hafa fallið niður í þrjú mánuði skal aðila sent bréf með sannanlegum hætti þar sem vakin er athygli á þessari mgr. reglnanna.

Þegar iðgjöld hafa fallið niður skv. 3. mgr. skal iðgjaldatími stytur.

Sjóðfélagi sem fengið hefur samþykka áframhaldandi aðild að sjóðnum getur lagt fram skriflega beiðni þess efnis að fá að greiða af lægra starfshlutfalli en starf það var

sem rekja má aðild hans að sjóðnum til. Starfshlutfall má þó aldrei fara niður fyrir hálfu starf. Aðili sem hefur fengið slíka heimild á jafnan rétt til að hefja iðgjaldagreiðslur af því starfshlutfalli sem hann gegndi í því starfi sem lagt var niður þó aldrei með afturvirkum hætti.

#### 7. gr.

Samhliða starf sem fylgir aðild að LSR eða LH.

Hefji sjóðfélagi, sem fengið hefur samþykka áframhaldandi aðild að LSR eða LH starf sem fylgir aðild að sjóðnum fellur niður réttur til aðildar sem rekja má til niðurlagningar starfs. [Ef hið nýja starf er lægra starfshlutfall en hið niðurlagða starf er veitti rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum er sjóðfélagi heimilt að greiða til sjóðsins vegna hins niðurlagða starfs sem nemur mismun á starfshlutfalli hins nýja starfs og því starfi sem lagt var niður.]<sup>1</sup>

Láti sjóðfélagi af hinu nýja starfi innan tveggja ára er honum heimilt að hefja iðgjaldagreiðslur til sjóðsins að nýju vegna þess starfs sem lagt var niður. [Þegar hið nýja starf er hlutastarf og sjóðfélagi lætur af því starfi eftir tvö ár eða síðar fellur niður réttur til að greiða af hinu niðurlagða starfi í sama hlutfalli og hið nýja starf var.]<sup>2</sup>

#### 8. gr.

##### *Lífeyrir*

Lífeyrir þeirra sem aðild eiga að B-deild sjóðsins eða LH vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi skal miðaður við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af með breytingum í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst. Hafi sjóðfélagi látið af iðgjaldagreiðslu til sjóðsins fyrir árslok 1996 skal þó miða við laun í því starfi sem iðgjöld hans voru miðuð við í árslok 1996 en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

Sjóðfélagi sem fengið hefur samþykka áframhaldandi aðild að LSR eða LH í kjölfar niðurlagningar á starfi getur ekki talið þann tíma sem hann greiðir í sjóðinn á grundvelli þess starfs til tíma sem hann hefur gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrr á sjóðfélagi tíma sínum sbr. 6. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997 og 6. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1997.

Ákvæði 24. gr. laga nr. 1/1997 og 8. gr. laga nr. 2/1997 eiga við um lífeyri sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi eftir því sem þau geta átt við.

#### 9. gr.

##### *Lífeyrisskuldbindingar*

Sá launagreiðandi sem lagði starf niður ber ábyrgð á skuldbindingum vegna lífeyrishækkana vegna iðgjaldagreiðslna til sjóðsins eftir að sjóðfélagi hefur fengið samþykka áframhaldandi aðild að LSR eða LH í kjölfar niðurlagningar á starfi.

<sup>1</sup> Samþykkt breyting á sameiginlegum fundi stjórnar LSR og LH þann 13. október 2004.

<sup>2</sup> Samþykkt breyting á sameiginlegum fundi stjórnar LSR og LH þann 13. október 2004.

10. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar LSR þann 18. desember 2002 og á fundi stjórnar LH þann 22. janúar 2003.